



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 5 starfsárið 2013 – 2014

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 25. mars 2014 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði á Sesam Brauðhúsi, Reyðarfirði. Fundarstaður: Fróðleiksmolinn, Reyðarfirði.

Mættir voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson, Þórunn Egilsdóttir, Páll Baldursson, Jón Björn Hákonarson og Gauti Jóhannesson.

Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundar SSA dags. 4. febrúar 2014. Fundargerðin samþykkt
- b) Framkvæmdaráðs SSA dags. 3. mars 2014. Fundargerðin samþykkt
- c) Framkvæmdaráðs SSA dags. 17. mars 2014. Fundargerðin samþykkt
- d) Stjórnar SSV dags. 10. febrúar 2014. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 812. og 813. Fundar.
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
- f) Stjórnar SASS, 476. og 477. fundar. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
- g) Stjórnar Eyþings, 251. fundur. Fundargerðin lögð fram til kynningar
- h) Stjórnar SSVN, dags. 14. 17. og 21. október, 6. og 21. nóvember, 5. og 16. desember 2013. 13. og 23. janúar 2014. Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
- i) Samgöngunefndar SSA dags. 10. mars 2014. Kynnt var bréf frá Innanríkisráðuneytinu um vinnu með landshlutasamtökunum um stefnumótandi samgönguáætlun 2011-2022. Ólafi Áka falið að hafa samband við ráðuneytið um fyrirkomulag vinnunnar. Fundargerðin samþykkt

2. Erindi til stjórnar SSA:

- a) Frá starfsháttanefnd Austurbrúar um tilnefningu aðal- og varamanna í stjórn Austurbrúar. Stjórnin samþykkti eftirfarandi tillögu:
Aðalmenn: Valdimar O. Hermannsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Til vara: Páll Baldursson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Valdimar er tilnefndur til eins árs.
- b) Frá framkvæmdastjóra Eyþings um sameiginlegan fund SSA og Eyþings 4. apríl nk. Samþykkt að fulltrúar SSA fundi á Akureyri 4. apríl nk. kl. 12:00 með fulltrúum Eyþings.
- c) Drög að samningi um skjalavörslu. Samþykkt að Ólafur Áki ræði við safnvörð um umfang verkefnisins og málið verði síðan lagt fyrir fjárhagsnefnd SSA á aðalfundi í september.

3. Umsagnir um frumvörp/þingsályktunartillögur:

- a) Umsögn stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn, þingskjal – 403. Lagt fram tilkynningar.

4. Önnur mál:

- a) Samningur milli Austurbrúar og SSA um skrifstofuhald og umsjón verkefna SSA innan Austurbrúar. Stjórnin samþykkti samninginn.
- b) Aðalfundur SSA 2014. Samþykkt að halda aðalfund SSA 2014 á Vopnafirði dagana 19. og 20. september nk.
- c) Málefni fjölmiðla á Austurlandi. Ólafi Áka falið að koma samþykktum aðalfundar SSA frá september sl. um málefni RÚV á framfæri við útvarpsstjóra ásamt bókun stjórnar. Stjórnin samþykkti jafnframt að bjóða útvarpsstjóra á aðalfund SSA í september nk. Samþykkt að styrkja sameiginlegt verkefni Austurfréttar og Austurgluggans til að vekja athygli á mikilvægi svæðisbundinna fjölmiðla um kr. 50 þús. Undir þessum lið véc Stefán Bogi af fundi.
- d) Evrópskar samstarfsáætlanir. Samþykkt að senda erindið til Austurbrúar til meðferðar.
- e) Samþykktir SSA. Lagt fram tilkynningar.
- f) Mannskiptaáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Lagt fram til kynningar.
- g) Menningarsamningar landshluta og framtíð þeirra. Kynnt bréf sem fulltrúi sveitarstjórnarmála sendi mennta – og menningarmálaráðherra um málefni menningarsamninga landshluta.
- h) Vaxtarsamningar –Menningarsamningar- Sóknaráætlun. Umræða var meðal stjórnarmanna um form samninga við ríkið og mikilvægi þess að meira tillit væri tekið til fjarlægða frá höfuðborgarasvæðinu við skiptingu fjár milli landshluta.
- i) Kynnt voru drög að nýjum menningarsamningi sem gildir til 31. desember 2014. Stjórnin samþykkir að fela formanni undirritun sammingsins. Þá samþykkti stjórnin að fara í vinnu sem kemur fram í 8. gr. sammingsins um forsendur fyrir frekari samstarfi og skal þeirri vinnu lokið fyrir 15. október nk. Í þeirri vinnu verði menningarsamningur lagaður að breytingum sem voru gerðar á stoðkerfi stofnana á Austurlandi með tilkomu Austurbrúar.
- j) Umsögn um lýsingu á landsskipulagsstefnu 2015-2026 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsögnin lögð fram til kynningar.
- k) Málefni Austurbrúar. Undir þessum lið kom framkvæmdastjóri Austurbrúar inn á fundinn og fór yfir stöðu mál hjá Austurbrú.

Fundi slitið kl. 17:00

Ólafur Áki Ragnarsson,